



Fundargerð

Fundur framkvæmdastjórnar Sósíalístaflokks Íslands mánudaginn 12. júlí 2021 kl. 20:00 í Bolholti 6 og með Zoom fjarfundabúnaði.

Fundinn sátu: Sanna Magdalena Mörtudóttir, Védís Guðjónsdóttir, Gunnar Smári Egilsson, Sigrún E. Unnsteinsdóttir, Katrín Baldursdóttir, Laufey Líndal Ólafsdóttir, Viggó K. Jóhannsson, Guðmundur Auðunsson, Sara Stef. Hildardóttir, Guttormur Þorsteinsson og Haraldur Ingi Haraldsson.

Viggó K. Jóhannsson ritaði fundargerð. Fundarefni, umræður og samþykktir voru sem hér segir:

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerðin hefur ekki verið samþykkt.

2. Stjórnin skiptir með sér verkum

Samþykkt er að Gunnar Smári verði áfram formaður, Sanna varaformaður og Sigrún gjaldkeri. Védís tekur að sér starf ritara af Viggó. Sara mun vera henni innan handar.

3. Starf kjörnefndar

Kjörnefnd mun senda inn stundaskrá yfir viðveru sína í húsinu. Mikið starf hefur verið unnið undanfarið, en konur vantar enn á lista í Norðvestur- og Norðausturkjördæmum.

4. Verkefni framkvæmdastjórnar

- a. Uppbygging Baráttuhópa og Baráttustjórnar, ráðuneyta og Stjórnarráðs, Fjárhagsráðs, Laganefndar og samráðsvettvangs stjórna

Formanni ungra sósíalista og annarra baráttuhópa verður boðið á fund framkvæmdastjórnar. Rætt var hvaða ráðuneyti væri rétt að stofna, s.s. ráðuneyti umhverfismála og auðlindamála.

- b. Stuðningur við Félagastjórn og kosningabaráttu

Talað var um að þrír fulltrúar úr framkvæmdastjórn myndu fóstora hver sitt kjördæmið, Haraldur Norðausturkjördæmi, Guðmundur og Birna Eik Suðurkjördæmi og Katrín Norðvesturkjördæmi.

- c. Félagsheimilið, fundir og viðburðir

Stefnt er að sameiginlegum fundi stjórnanna. Rætt var um upptöku á menningarnótt, vöfflukaffi, annan föndurdag, leiðir til að bæta hljóðvistina í Bolholti og fleira.

- d. Undirbúningur undir Sósíalistaþing í ágúst/sept.

Rætt var um hvenær best væri að halda þingið.

5. Fjármál, fjáröflun og horfur

Flokkurinn: 2.333.104 kr., kosningasjóður: 402.010 kr., Vorstjarnan: 3.302.853 kr., bankatrygging Vorstjörnu fyrir leigu húsnæðis: 1.200.000 kr.

6. Önnur mál

Engin önnur mál.